

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 4. mars 1974****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðar-
dráttarvélum á hjólum****(74/150/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Samhæfðar tæknilegar kröfur sem gilda um einstaka hluta eða eiginleika dráttarvéla skulu skilgreindar í sértilskipunum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Nauðsynlegt er að setja sameiginlegar reglur um gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir dráttarvéla á vettvangi bandalagsins til að unnt sé að fylgjast með því að ofangreindum kröfum sé framfylgt og að öll aðildarríki geti viðurkennt eftirlit sem fram fer í öðrum aðildarríkjum.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Skytt er að dráttarvélar standist tilteknar lögboðnar tæknilegar kröfur í hverju aðildarríki. Slíkar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars og hindra þar af leiðandi viðskipti innan Efnahagsbandalags Evrópu.

Þessar reglur þurfa að vera með þeim hætti að sérhvert aðildarríki geti gengið úr skugga um að hver dráttarvélargerð hafi verið prófuð eins og mælt er fyrir um í sértilskipunum og tilgreint í gerðarviðurkenningarvottorðinu. Á grundvelli þeirra eiga framleiðendur einnig að geta gefið út samræmisvottorð fyrir allar dráttarvélar sem samrýmast viðurkenndri gerð. Þegar vottorðið fylgir dráttarvél skulu öll aðildarríkin líta svo á að dráttarvélin samrýmist þeirra eigin lögum. Hvert aðildarríki tilkynnir hinum aðildarríkjunum um viðurkenningu með því að senda þeim afrit af gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hverja dráttarvélargerð sem það viðurkennir.

Fækka má eða jafnvel ryðja úr vegi hindrunum við stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar ef öll aðildarríki samþykkja sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi lagaákvæða í hverju ríki.

Kröfur tilskipunar þessarar gilda um dráttarvélar sem eru með loftfyllta hjólbarða og hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6-25 km/klst. Tilgangurinn með kröfum þessum er fyrst og fremst sá að auka öryggi á vegum og við vinnu að því er hönnun þessara ökutækja varðar. Aðrar dráttarvélar, einkum þær sem eru hannaðar fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., geta þó ef þörf krefur þurft að uppfylla sérstakar kröfur.

Hægt á að vera að veita gerðarviðurkenningu til bráðabirgða samkvæmt kröfum bandalagsins eftir því sem sértilskipanir varðandi hluta og eiginleika dráttarvéla taka gildi, þó skulu innlendar kröfur gilda áfram um hluta og eiginleika sem heyrta enn sem komið er ekki undir slíkar tilskipanir.

Samkvæmt venju hafa aðildarríki eftirlit með því að dráttarvélar uppfylli gildandi tæknilegar kröfur áður en þær eru settar á markað. Eftirlitið fer fram á dráttarvélargerðum.

Með fyrirvara um ákvæði 169. og 170. gr. sáttmálans er rétt að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna mæli sameiginlega fyrir um ákvæði er miða að því að leysa ágreining um tæknileg atriði varðandi samræmi í framleiðslu dráttarvéla sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 160, 18. 12. 1969, bls. 29.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 16. 4. 1969, bls. 17.

Þótt dráttarvél samrýmist viðurkenndri gerð geta komið í ljós vissir ókostir sem hættu gæti stafað af bæði í akstri og við vinnu. Ráðlegt er af þeim sökum að finna leið til að draga úr þeirri hættu.

Tæknilegar kröfur sem skilgreindar eru í sértilskipunum þarf að laga að tækniframförum með skjótvirkum hætti. Til þess að svo megi verða ber að kveða á um hvernig koma megi á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Skilgreiningar

1. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð öku-tæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

2. gr.

Í þessari tilskipun:

a) merkir „innlend gerðarviðurkenning“ opinbert eftirlit undir heitinu:

- „agrégation par type“ og „aanneming“ í belgískum lögum;
- „standardtypegodkendelse“ í dönskum lögum;
- „allgemeine Betriebserlaubnis“ í þýskum lögum;
- „réception par type“ í frönskum lögum;

— „type-approval“ í írskum lögum;

— „omologazione“ eða „approvazione del tipo“ í ítölskum lögum;

— „agrégation“ í lögum í Lúxemborg;

— „typegoedkeuring“ í hollenskum lögum;

— „type-approval“ í lögum Breska konungsríkisins;

b) merkir „EBE-gerðarviðurkenning“ eftirlit aðildarríkis með því að tiltekin dráttarvélargerð fullnægi tæknilegum kröfum í sértilskipunum og prófunum sem tilgreindar eru í EBE-gerðarviðurkenningarvottorðinu, en fyrirmynd þess er sýnd í II. viðauka.

II. KAFLI

EBE-gerðarviðurkenning á dráttarvélum

3. gr.

Framleiðandi eða fulltrúi hans sækir um EBE-gerðarviðurkenningu til aðildarríkis. Upplýsingaskjal skal fylgja umsókninni, en fyrirmynd þess er sýnd í I. viðauka, og skjöl þau sem þar um getur. Óheimilt er að sækja um gerðarviðurkenningu fyrir sömu dráttarvélargerð til fleiri en eins aðildarríkis.

4. gr.

1. Aðildarríki viðurkennir allar gerðir dráttarvéla sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) að dráttarvélargerðin samrýmist efnisatriðum í upplýsingaskjalinu;
- b) að dráttarvélargerðin standist prófanir, tilgreindar í gerðarviðurkenningarvottorðinu sem um getur í b-lið 2. gr.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

Hvert aðildarríki skal fylla út alla reiti gerðarviðurkenningarvottorðs fyrir hverja dráttarvélargerð sem það viðurkennir.

5. gr.

1. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af upplýsingaskjali og gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerð dráttarvéla sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans í landinu þar sem skráning fer fram gefur út samræmisvottorð fyrir hverja dráttarvél sem framleidd er í samræmi við viðurkennda frumgerð, en fyrirmynd þess er sýnd í III. viðauka.

3. Aðildarríki geta samt sem áður, vegna sköttunar dráttarvélar eða frágangs skráningarskilríkja hennar, farið fram á að einstök atriði sem ekki er getið um í III. viðauka komi fram í samræmisvottorði svo fremi þau séu nákvæmlega tiltekin á upplýsingaskjalinu eða hægt sé að reikna þau út frá því með einföldum hætti.

6. gr.

1. Aðildarríki sem veitir EBE-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að það fái að vita ef framleiðsla stöðvast eða breyting er gerð á atriðum sem fram koma í upplýsingaskjalinu.

2. Telji viðkomandi ríki að slík breyting kalli ekki á breytingu á gildandi gerðarviðurkenningarvottorði eða útgáfu nýs gerðarviðurkenningarvottorðs skulu lögbær yfirvöld þess ríkis tilkynna framleiðanda þar um og senda lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum með reglubundnum hætti afrit af breytingum á upplýsingaskjölum sem þegar hefur verið dreift.

3. Telji viðkomandi ríki að breyting á upplýsingaskjali kalli á nýjar athuganir eða nýjar prófanir, og þar með sé nauðsynlegt að breyta gildandi gerðarviðurkenningarvottorði eða gefa út nýtt, skulu lögbær yfirvöld þess ríkis tilkynna framleiðanda þar um og senda nýju skjölin til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum innan mánaðar frá því að þau voru fullgerð.

4. Ef gerðarviðurkenningarvottorði er breytt eða annað gefið út í stað eldra eða það fellur úr gildi vegna þess að hætt hefur verið framleiðslu gerðar þeirrar sem það gildi fyrir, skulu lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja, innan mánaðar, raðnúmer síðustu dráttarvélar sem er

framleidd samkvæmt gamla vottorðinu og, ef þörf krefur, raðnúmer fyrstu dráttarvélarinnar sem framleidd er í samræmi við nýja eða breytta vottorðið.

7. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu nýrrar dráttarvélar eða að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem tengjast smíði hennar eða starfsemi, ef samræmisvottorð fylgir henni.

2. Vottorðið skal þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki grípi til slíkra aðgerða sé um að ræða dráttarvélar sem eru ekki í samræmi við viðurkennda frumgerð.

Dráttarvél telst ekki samrýmast viðurkenndri frumgerð ef frávik frá einstökum atriðum í upplýsingaskjali finnast og þau hafa ekki verið heimiluð samkvæmt 2. eða 3. mgr. 6. gr. af aðildarríki sem veitti gerðarviðurkenninguna. Ekki er lítið svo á að dráttarvél víki frá viðurkenndri gerð ef kveðið er á um hámarksfrávik í sértilskipunum og þau frávik eru virt.

8. gr.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu kemst að raun um að einhverjar dráttarvélar sem hafa fengið samræmisvottorð samrýmast ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og geta, ef nauðsyn krefur, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu. Umrædd yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

3. Véfengi aðildarríki, sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining.

Framkvæmdastjórninni skal látin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

9. gr.

1. Komist aðildarríki að raun um að dráttarvél af tiltekinni gerð geti ógnað öryggi á vegum og við vinnu þótt henni fylgi rétt útgefið samræmisvottorð getur viðkomandi aðildarríki neitað að skrá dráttarvélar af þeirri gerð eða bannað að þær verði hafðar til sölu, teknar í notkun eða notaðar á yfirráðasvæði þess í allt að sex mánuði. Það tilkynnir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað þar um og gerir grein fyrir ákvörðun sinni.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki innan sex vikna. Hún skal skila álit sínu án tafar og gera viðeigandi ráðstafanir. Ef framkvæmdastjórnin álitur að þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru í 11. gr. sé þörf, skal sá tími sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar lengdur þar til málsmeðferðinni sem fjallað er um í 13. gr. er lokið.

III. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði

10. gr.

1. Eftir gildistöku þessarar tilskipunar og þegar sértilskipanir sem nauðsynlegar eru vegna veitingar EBE-gerðarviðurkenningar öðlast gildi:

- skal, í aðildarríkjum þar sem dráttarvélar eða dráttarvélaflokkar heyra undir innlenda gerðarviðurkenningu, veita slíka gerðarviðurkenningu á grundvelli samræmdra tæknilegra krafna í stað samsvarandi krafna í landslögum ef umsækjandi æskir þess;
- skal, í aðildarríkjum þar sem dráttarvélar eða dráttarvélaflokkar heyra ekki undir innlenda gerðarviðurkenningu, ekki vera hægt að banna eða hindra að slíkar dráttarvélar séu seldar, skráðar, teknar í notkun eða notaðar á grundvelli þess að þær séu í samræmi við samræmdar tæknilegar kröfur í stað samsvarandi krafna í landslögum, að því tilskildu að framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans tilkynni lögbærum yfirvöldum þeirra ríkja um það;

— skal viðkomandi aðildarríki, að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem leggur fram upplýsingaskjalið er um getur í 3. gr., útfylla þá hluta gerðarviðurkenningarvottorðs sem um getur í b-lið 2. gr. Umsækjandi fær afrit af vottorðinu. Hinum aðildarríkjunum ber að viðurkenna þetta vottorð sem nægilega sönnun þess að tilskildar prófanir hafi farið fram á dráttarvélum af sömu gerð.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar falla úr gildi um leið og allar kröfur sem nauðsynlegar eru vegna veitingar EBE-gerðarviðurkenningar hafa tekið gildi.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði og lokaákvæði

11. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga:

- I., II. og III. viðauka við þessa tilskipun; eða
- ákvæði í sértilskipunum sem um getur í II. viðauka og skilgreind eru í þeim tilskipunum,

að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr.

12. gr.

1. Sett er á stofn nefnd sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar, hér eftir kölluð „nefndin“. Nefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna með fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar í forseti.

2. Nefndin setur sér starfsreglur.

13. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt

með 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarrík-
anna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans.
Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugað-
ar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndar-
innar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við
álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber
framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu
fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið
tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá
því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmda-
stjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

14. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum sem sam-
þykktar eru til framkvæmdar ákvæðum þessarar tilskipun-
ar og þar sem synjað er um gerðarviðurkenningu eða hún
dregin til baka, eða bann við skráningu, sölu eða notkun skal
rökstyðja ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi að-
ila og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann

getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum
og sá frestur sem hann hefur til þess.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja ákvæði sem nauðsyn-
leg eru til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða
frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni
þegar í stað.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni
berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um
málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

W. SCHEEL

forseti.

I. VIDAUKI

FYRIRMYND AÐ UPPLÝSINGASKJALI (a)

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (nafn fyrirtækis)
- 0.2. Gerð og vöruheiti (tilgreina ber afbrigði)
- 0.3. Nafn og heimilisfang framleiðanda (ef einhver er)
- 0.4. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda
- 0.5. Staðsetning á lögboðnum merkiplötum og áletrunum og áfestingaraðferð:
 - 0.5.1. Á sjálfri dráttarvélinni
 - 0.5.2. Á hreyflinum
- 0.6. Raðnúmer dráttarvéla af þessari gerð byrja á nr...
1. ALMENNIR EIGINLEIKAR DRÁTTARVÉLARINNAR
(Fylgja skulu tvær ljósmyndir sem sýna 3/4 hluta dráttarvélarinnar að framan og 3/4 hluta að aftan og teikning af dráttarvélinni allri með málum)
 - 1.1. Fjöldi ása og hjóla
 - 1.1.1. Fjöldi tvíhjóláasa (ef við á)
 - 1.2. Hjól með drifi (fjöldi, staðsetning, tenging við aðra ása)
 - 1.3. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils
2. ÞYNGD OG MÁL (b) (í mm og kg)
 - 2.1. Hjólhaf (c)
 - 2.2. Sporvidd einstakra ása (mæld milli samhverfuplana einfaldra eða tvöfaldrá hjólbarða sem komið er fyrir á venjulegan hátt) (samkvæmt forskrift framleiðandans) (d)
 - 2.3. Hámarks- (eða heildar) mál dráttarvélar án aukabúnaðar en með tengibúnaði
 - 2.3.1. Lengd (e)
 - 2.3.2. Breidd (f)
 - 2.3.3. Hæð (g)
 - 2.3.4. Lengd yfirbyggingar framan við hjól (h)
 - 2.3.5. Lengd yfirbyggingar aftan við hjól (i)
 - 2.3.6. Hæð yfir akbraut (i)
 - 2.4. Þyngd dráttarvélar án hleðslu, tilbúinnar til aksturs, þ.e. án aukabúnaðar en með kælivökva, olú, eldsneyti, verkfærum og ökumanni (k)
 - 2.4.1. Skipting þyngdar milli ása
 - 2.5. Þyngdarklossar (lýsing)
 - 2.5.1. Skipting þyngdar milli ása
 - 2.6. Tæknilega leyfileg hámarksþyngd samkvæmt fyrirmælum framleiðanda
 - 2.6.1. Leyfileg hámarksþyngd dráttarvélar með hleðslu samkvæmt hjólbarðalýsingu
 - 2.6.1.1. Skipting þessarar þyngdar milli ása
 - 2.6.2. Mörk þyngdarskiptingar milli ása (tilgreina lágmark í prósentum á framás ... og á afturás ...)

- 2.6.3. Hámarksþyngd á hvorn ásinn samkvæmt hjólbarðalýsingu
- 2.6.4. Hámarksdráttarþyngd
- 2.6.5. Lóðrétt hámarksálag í tengipunktinum (króktengi eða búnaður til þriggja punkta tengingar) (l)
- 2.6.5.1. Staðsetning tengipunkts í lóðréttu álagi
- 2.6.5.1.1. Hæð frá jörðu
- 2.6.5.1.2. Fjarlægð á milli lóðréttra plana í gegnum miðju afturáss og tengipunkts

3. HREYFILL

- 3.1. Framleiðandi
- 3.2. Heiti
- 3.3. Gerð (neistakveikja, þrýstikveikja o.s.frv.), gengi
- 3.4. Fjöldi strokka og fyrirkomulag þeirra
- 3.5. Borvídd, slaglengd og stærð strokka
- 3.6. Hámarksafli (samkvæmt tilgreindum staðli, t.d. ISO, BSI, CUNA, DIN, DGM, SAE) við snúninga á mínútu með gangráð í notkun
- 3.7. Hámarkssnúningsvægi við snúninga á mínútu (samkvæmt sama staðli og í lið 3.6)
- 3.8. Venjulegt eldsneyti
- 3.9. Eldsneytisgeymar (stærð og staðsetning)
- 3.10. Varaeldsneytisgeymar (stærð og staðsetning)
- 3.11. Eldsneytiskerfi (gerð)
- 3.12. Forþjappa (ef við á) (gerð, stjórn, þjöppunarþrýstingur)
- 3.13. Hraðagangráður (ef við á) (vinnsla)
- 3.14. Rafkerfi (rafspenna, jákvæð eða neikvæð jarðtenging)
- 3.15. Rafall (gerð og málspenna)
- 3.16. Kveikja (gerð búnaðar, gerð stillinga)
- 3.17. Búnaður til að koma í veg fyrir rafsegultruflanir (lýsing)
- 3.18. Kælibúnaður (loft, vatn)
- 3.19. Ytra hljóðstig
- 3.20. Útblásturskerfi (hljóðdeyfir) (yfirlitsteikning)
- 3.21. Ráðstafanir til mengunarvarna
- 3.22. Stöðvunarbúnaður hreyfils
- 4. GÍRSKIPTING (yfirlitsteikning af gírskiptingu ásamt teikningu(m))
- 4.1. Gerð (beinskipting, vökvaskipting, rafskipting o.fl.)
- 4.2. Tengsl (gerð)
- 4.3. Gírkassi (gerð, beinskiptur, stjórnunaraðferð)
- 4.4. Yfirfærsla frá hreyfli til gírkassa, afturáss (-ása), millikassi (ef við á)
- 4.5. Gírhlutfall með eða án millikassa (n)

Gír	Innra gírhlutfall	Endanlegt drifhlutfall	Gírhlutfall samtals
1			
2			
3			
.....			
Afturábak			

- 4.6. Hámarkshraði dráttarvélar í hæsta gir miðað við km/klst. (sýna útreikningsaðferð) (n)
- 4.7. Hreyfing aflhjóna fram á við sem samsvarar einum snúningi
- 4.8. Hraðamælir, snúningshraðamælir og tímamælir (ef við á)
- 4.9. Lás á mismunadrifi (ef hann er notaður)
- 4.10. Aflúttak (snúningar á mínútu og hlutfall á milli þeirrar tölu og snúninga hreyfils) (fjöldi og staðsetning):
 - 4.10.1. - aðal aflúttak
 - 4.10.2. - önnur aflúttök
- 4.11. Vörn fyrir aflúttak
- 4.12. Vörn fyrir hluta hreyfils, hluta sem standa út og hjól
 - 4.12.1. Vörn á eina hlið
 - 4.12.2. Vörn á fleiri en eina hlið
 - 4.12.3. Lokun á allar hliðar
5. FJÖÐRUN
 - 5.1. Hjólbarðar til almennrar notkunar (mál, eiginleikar, loftþrýstingur fyrir notkun á vegum og leyfilega hámarkshleðslu)
 - 5.2. Gerð fjöðrunar (ef við á) á hverjum ás eða hjóli
 - 5.3. Annar búnaður (ef við á)
6. STÝRISBÚNAÐUR (yfirlitstekning)
 - 6.1. Gerð búnaðar og tenging við hjólin, hjálparafl (ef við á) (aðferðir og skýringarmyndir varðandi gang, tegund og gerð, ef við á) og stýriskraftur stýrishjóls
 - 6.2. Hámarksbeygjuhorn hjóna:
 - 6.2.1. til hægri ... (gráður) : fjöldi snúninga stýrishjóls
 - 6.2.2. til vinstri ... (gráður) : fjöldi snúninga stýrishjóls
 - 6.3. Minnsti beygjuhringur (án hemlunar) (o) :
 - 6.3.1. til hægri
 - 6.3.2. til vinstri
7. HEMLAR (yfirlitstekning og uppdráttur af vinnuferlinu) (p)
 - 7.1. Aksturshemill
 - 7.2. Aukahemill (ef við á)
 - 7.3. Stöðuhemill
 - 7.4. Viðbótarhemill (ef við á) (þar með talinn neyðarhemill)
 - 7.5. Útreikningur á getu hemlakerfisins: ákvörðun hlutfalls milli samanlagðra hemlunarkrafta við ytra ummál hjólanna og krafts sem þarf til að stjórna hemlun
 - 7.6. Tenging fyrir vinstri og hægri stjórnun hemla
 - 7.7. Hjálparafl (ef við á) (eiginleikar, rúmmál orkugeyma, hámarks- og lágmarksþrýstingur, þrýstimælir og viðvörunarbúnaður í mælaborðinu fyrir lágmarksþrýsting, soggeymar og -lokar, þrýstidælur; hvort farið er að ákvæðum um þrýstibúnað)
 - 7.8. Dráttarvélar, ætlaðar til að draga eftirvagn:
 - 7.8.1. hemlakerfi fyrir eftirvagna
 - 7.8.2. tengibúnaður, tengingar, öryggisbúnaður
8. SJÓNSVIÐ, BAKSÝNISSPEGLAR, VELTIVARNARBÚNAÐUR, VEÐRAVÖRN, SÆTI OG BURÐAR-PALLAR, HLJÓÐSTIG VIÐ EYRA ÖKUMANNSS

- 8.1. Sjónsvið
- 8.2. Baksýnisspeglar
- 8.3. Veltivarnarbúnaður
- 8.3.1. Lýsing (gerð, hægt að losa og taka af eða ekki o.s.frv.)
- 8.3.2. Innri og ytri mál
- 8.3.3. Efni og smíðaaðferð
- 8.4. Stýrishús, almenn ákvæði
- 8.4.1. Dyr (fjöldi, stærð, opnast inn eða út, læsingar og lamir)
- 8.4.2. Framrúða og aðrar rúður (ef við á) (fjöldi og staðsetning, efni sem notuð eru)
- 8.4.3. Framrúðuþurrkur
- 8.5. Aðrar veðravarnir
- 8.6. Sæti og fóthvélur
- 8.6.1. Ökumannssæti (staðsetning og eiginleikar)
- 8.6.2. Farþegasæti (fjöldi, stærð, staðsetning og eiginleikar)
- 8.6.3. Fóthvélur
- 8.7. Burðarpallur
- 8.7.1. Stærð
- 8.7.2. Staðsetning
- 8.7.3. Tæknilega leyfileg hleðsla
- 8.7.4. Skipting hleðslu milli ása dráttarvélarinnar
- 8.8. Hjóðstig við eyra ökumanns
- 8.9. Aðgangur að ökumannssæti
9. LJÓS- OG LJÓSMERKJABÚNAÐUR
(yfirlitstekningar af dráttarvélinni að utan sem sýna staðsetningu ljósflata alls búnaðar: litir ljósa)
- 9.1. Lögboðinn ljósabúnaður
- 9.1.1. Lág ljós
- 9.1.2. Aukaljós að framan
- 9.1.3. Afturljós
- 9.1.4. Stefnuljós
- 9.1.5. Rauð glitaugu að aftan
- 9.1.6. Númersljós við skráningarmerki að aftan
- 9.2. Valfrjáls ljósabúnaður
- 9.2.1. Háljós
- 9.2.2. Þokuljós
- 9.2.3. Hemlaljós
- 9.2.4. Vinnuljós
- 9.2.5. Stöðuljós
10. ANNAR BÚNAÐUR
- 10.1. Hjóðmerkjabúnaður
- 10.2. Tengibúnaður fyrir lárétta hámarksþyngd ... kg og lóðrétta hámarksþyngd (ef við á) ... kg (q)
- 10.3. Vökvalyftibúnaður, þriggja punkta tenging
- 10.4. Afltengi fyrir ljós- og ljósmerkjabúnað á eftirvögnum (ef við á)

- 10.5. Staðsetning og merking stjórnbúnaðar
- 10.6. Staðsetning skráningarmerkja
- 10.7. Tengibúnaður framan á eftirvagni
- 10.8. Viðvörunarbúnaður

Athugasemdir

Þar sem beðið er um teikningar eða ljósmyndir skal taka fram númer á samsvarandi fylgiskjöllum.

- (a) Hafi hluti fengið gerðarviðurkenningu er engin þörf á að lýsa honum nánar og nægir að vísa í gerðarviðurkenninguna. Jafnframt er óþarft að lýsa hluta ef smíðin er greinilega sýnd á meðfylgjandi skýringarmyndum eða yfirlitsteikningum.
- (b) ISO-staðall R. 612 — 1967 og R. 1176 — 1970.
- (c) ISO-staðall R. 789 — 1968 (íðorð nr. A.3).
- (d) ISO-staðall R. 789 — 1968 (íðorð nr. A.2).
- (e) ISO-staðall R. 789 — 1968 (íðorð nr. A.5).
- (f) ISO-staðall R. 789 — 1968 (íðorð nr. A.6).
- (g) ISO-staðall R. 789 — 1968 (íðorð nr. A.7).
- (h) ISO-staðall R. 612 — 1967 (íðorð nr. 21).
- (i) ISO-staðall R. 612 — 1967 (íðorð nr. 22).
- (j) ISO-staðall R. 612 — 1967 (íðorð nr. 8).
- (k) Ökumaður telst vega 75 kg.
 - (l) ISO-staðall R. 1176 — 1970 (íðorð nr. 4.14).
- (m) Veita ber upplýsingar í einstökum atriðum fyrir öll afbrigði.
- (n) 5 % frávik er leyfilegt.
- (o) ISO-staðall R. 789 — 1968 (íðorð nr. A.14).
- (p) Veita ber eftirfarandi upplýsingar um allan hemlabúnað:
 - gerð og eiginleikar hemla (teikning með málum) (skálar eða diskar o.s.frv., hemlun hjóla, tenging við hjólin, núningsfletir, einkenni þeirra og yfirborð, radíus skála, skóa eða diska, þyngd skála og stillibúnaður);
 - yfirfærsla og stjórn (með skýringarmynd) (smíði, stilling, yfirfærsluhlutfall kraftsins, aðgangur að stjórnbúnaði og staðsetning hans, hakastjórnbúnaður ef um er að ræða beina yfirfærslu, eiginleikar aðalhluta í yfirfærslurás, stjórnunarhólkar og stimplar, hemlakrókar).
- (q) Gildi fyrir vélrænan styrk tengibúnaðar

II. VIÐAUKI

EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

A. Almennt

Gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt reglum um EBE-gerðarviðurkenningu skulu útfyllt sem hér segir:

1. Fylla skal út viðeigandi reiti í gerðarviðurkenningarvottorðinu, en fyrirmynd þess er sýnd í B-lið í þessum viðauka, á grundvelli upplýsinga sem fram koma í upplýsingaskjalinu eftir að þessar upplýsingar hafa verið sannprófaðar.
2. Merkja skal við hvert atriði í fyrirmynd að gerðarviðurkenningarvottorðinu með viðeigandi skammstöfunum sem skráðar eru hér á eftir þegar tilskildar prófanir og eftirlit hefur farið fram:
 - „CONF“: prófun til að staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við upplýsingar í upplýsingaskjalinu;
 - „SD“: prófun til að staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við samhæfðar tæknilegar kröfur sem samþykktar voru vegna framkvæmdar sértilskipana;
 - „R“: samning prófunarskýrslunnar sem á að fylgja vottorðinu;
 - „S“: staðfesting á að yfirlitstekning og/eða skýringarmynd fylgi.

B. Fyrirmynd að gerðarviðurkenningarvottorði fyrir dráttarvélar

- | | | |
|--------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| 0. | ALMENNT | |
| 0.1. | Tegund (nafn fyrirtækis) | |
| 0.2. | Gerð og vöruheiti (tilgreina ber afbrigði) | |
| 0.3. | Nafn og heimilisfang framleiðanda | |
| 0.4. | Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda (ef einhver er) | |
| 0.5. | Staðsetning á lögboðnum merkiplötum og áletrunum og aðferðir við að koma slíkum upplýsingum fyrir á dráttarvélinni SD | |
| 0.6. | Raðnúmer dráttarvéla af þessari gerð byrja á nr. ... | |
| 1. | ÞYNGD OG MÁL (í mm and kg) | |
| 1.1. | Hjólhaf | CONF |
| 1.2. | Lengd | SD |
| 1.3. | Breidd | SD |
| 1.4. | Hæð án hleðslu | SD |
| 1.5. | Þyngdarklossar | SD |
| 1.6. | Tæknilega leyfileg hámarksþyngd með hleðslu | CONF |
| 1.6.1. | Skipting þyngdar milli ása | CONF |
| 1.7. | Leyfileg hámarkshleðsla | SD |
| 1.7.1. | Skipting þyngdar milli ása | SD |
| 1.8. | Tæknilega leyfileg hámarksþyngd á hvorn ás | CONF |
| 1.9. | Leyfileg hámarksþyngd á hvorn ás | SD |
| 1.10. | Tæknilega leyfileg mörk þyngdarskiptingar milli ása | CONF |
| 1.11. | Leyfileg mörk þyngdarskiptingar milli ása | SD |
| 1.12. | Hámarksdráttarþyngd | SD |

1.13.	Lóðrétt hámarksþyngd í tengipunktinum	SD
2.	HREYFILL	
2.1.	Framleiðandi	
2.2.	Hámarksafl við snúninga á mínútu (samkvæmt tilgreindum staðli)	CONF
2.3.	Eldsneytisgeymar	SD
2.3.1.	Varaeldsneytisgeymar(ef við á)	SD
2.4.	Búnaður til að koma í veg fyrir rafsegultruflanir	SD-R
2.5.	Hraðagangráður (ef við á)	SD
2.6.	Ytra hljóðstig	SD-R
2.7.	Útblásturskerfi (hljóðdeyfir)	SD-R-S
2.8.	Loftmengun	
2.8.1.	Þéttleiki reyks frá díselhreyflum	SD-R
2.9.	Stöðvunarbúnaður hreyfils	SD
3.	GÍRSKIPTING	
3.1.	Reiknaður hámarkshraði í hæsta gír (km/klst.)	CONF
3.2.	Mældur hámarkshraði í hæsta gír(km/klst.)	SD
3.3.	Afturábak	SD
3.4.	Aflúttak	SD
3.5.	Vörn fyrir hluta hreyfils, hluta sem standa út og hjól	SD
4.	FJÖÐRUN	
4.1.	Venjulegir hjólbarðar	CONF
5.	STÝRISBÚNAÐUR	
5.1.	Gerð búnaðarins og tenging við hjólin	SD
5.2.	Hjálparafl, stýriskraftur stýrishjóls	SD
6.	HEMLAR	
6.1.	Aksturshemlar	SD
6.2.	Stöðuhemlar	SD
6.3.	Viðbótarhemill (ef við á)	CONF
6.4.	Hemlastjórn eftirvagna (ef við á)	SD
6.5.	Aðstæður við prófun	R
6.6.	Niðurstöður úr prófun	R
7.	SJÓNSVIÐ, BAKSÝNISSPEGLAR, VELTIVARNARBÚNAÐUR, VEÐRA- VÖRN, SÆTI OG BURÐARPALLAR, HLJÓÐSTIG VIÐ EYRA ÖKUMANNS	
7.1.	Sjónsvið	SD
7.2.	Baksýnisspeglar	SD
7.3.	Veltivarnarbúnaður	
7.3.1.	Öryggisveltigrind	SD

7.3.2.	Öryggisgrind	SD
7.3.3.	Öryggisstýrishús	SD
7.3.4.	Annar varnarbúnaður	SD
7.4.	Stýrishús, almenn ákvæði	
7.4.1.	Dyr	SD
7.4.2.	Framrúða og aðrar rúður	SD
7.4.3.	Framrúðupurrkur	SD
7.5.	Aðrar veðravarnir	SD
7.6.	Sæti og fóthvílur	
7.6.1.	Ökumannssæti	SD
7.6.2.	Farþegasæti	SD
7.6.3.	Fóthvílur	SD
7.7.	Burðarpallur	SD
7.8.	Hljóðstig við eyra ökumanns	SD
7.9.	Aðgangur að ökumannssæti	SD
8.	LJÓS- OG LJÓSMERKJABÚNAÐUR	
8.1.	Lögboðinn ljósabúnaður	
8.1.1.	Lágljós	SD
8.1.2.	Aukaljós að framan	SD
8.1.3.	Afturljós	SD
8.1.4.	Stefnuljós	SD
8.1.5.	Rauð glitaugu að aftan	SD
8.1.6.	Númersljós við skráningarmarki að aftan	SD
8.2.	Valfrjáls ljósabúnaður	
8.2.1.	Háljós	SD
8.2.2.	Þokuljós	SD
8.2.3.	Hemlaljós	SD
8.2.4.	Vinnuljós	SD
8.2.5.	Stöðuljós	SD
9.	ANNAR BÚNAÐUR	
9.1.	Hljóðmerkjabúnaður	SD
9.2.	Tengi milli dráttarvélar og eftirvagns	SD
9.3.	Afttengi fyrir ljós- og ljósmerkjabúnað á eftirvögnum	SD
9.4.	Staðsetning og merking stjórnbúnaðar	SD
9.5.	Staðsetning skráningarmarkja	SD
9.6.	Tengibúnaður framan á eftirvagni	SD
9.7.	Viðvörunarbúnaður	SD

Undirritaður staðfestir hér með að lýsingin sem framleiðandi hefur gefið í upplýsingaskjalinu nr.
um dráttarvél með raðnúmer með hreyfil nr.⁽¹⁾ og afhent hefur verið af framleiðanda
sem frumgerð af árgerð sé rétt.

Prófanir sem gerðar hafa verið að beiðni framleiðandans,,
hafa sýnt að ofangreind dráttarvél, sem framleiðandi hefur afhent sem frumgerð í raðframleiðslu, uppfyllir öll
skilyrði sem fram koma á þessu vottorði.

Gjört í

.....
(Undirskrift)

⁽¹⁾ Ef þessar upplýsingar koma frá framleiðanda.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND

SAMRÆMISVOTTORÐ

Undirritaður
(nafn framleiðanda eða fulltrúa hans)

staðfestir hér með að dráttarvélín:

1. Tegund

2. Gerð

3. Raðnúmer gerðarinnar

samræmist að öllu leyti þeirri gerð sem viðurkennd var

í þann

af

og lýst er í gerðarviðurkenningarvottorði nr.

og í upplýsingaskjali nr.

Gjört í
(Dagsetning) (Undirskrift)

.....
(Staða)
